

Hörgársveit
Hjalti Jóhannesson
Belamerkuskóli
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. júlí 2013
Tilvísun: UST20130500042/bs

Skútar í Hörgársveit - Umhverfisskýrsla og tillaga að deiliskipulagi. Umsögn


Vísað er til bréfs Hörgársveitar dags. 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.


Hér er um að ræða byggingar í tengslum við rekstur grjótnámu sem ráðgert er að starfrækja í landi Tréstaða, Moldhauga og Skúta næstu áratugi. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi Hörgársveitar.

Umhverfisstofnun vill benda á að hér er um nokkuð stór mannvirki að ræða í næsta nágrenni við Hringveg 1. Því ætti að leggja áherslu á að við hönnun og frágang mannvirkja verði leitast við að gera mannvirkin eins lítt áberandi og kostur er. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdi við umrædda tillögu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur